



Thomas S. Monson forseti

Hann er upp risinn!

Tóm gröfin þennan fyrsta páskamorgun veitti svarið við spurningu Jobs: „Þegar maðurinn deyr, lifnar hann þá aftur?“

Þetta hefur verið eftirtektarverður ráðstefnuhluti. Ég, sem forseti kirkjunnar, hef ákveðið að segja tvö orð, sem eru þekkt sem mikilvægustu orðin á enskri tungu, til þeirra sem hafa tekið þátt hingað til í ráðstefnunni. Til systur Cheryl Lant og ráðgjafa hennar, kórsins, tónlistarmanna og ræðumanna, þá eru orðin þessi: „Þakka ykkur.“

Fyrir mörgum árum, þegar ég var í London, Englandi, heimsótti ég hið fræga Tate listasafn. Verk eftir Gainsborough, Rembrandt, Constable og fleiri fræga listamenn voru þar til sýnis í öllum söllum. Ég dáðist að fegurð þeirra og þeirri listrænu hæfni sem þurfti til að skapa þessi meistaraverk. Alveg út í einu horninu á þriðju hæð var þó málverk, sem ekki aðeins vakti athygli mína heldur fangaði einnig hjarta mitt. Listamaðurinn, Frank Bramley, hafði málað fábrotið býli við vindblásið hafid. Tvær konur, móðir og eiginkona

fjarverandi fiskimanns, höfðu vakað og beðið alla nóttina eftir heimkomu hans. Nú var nóttin liðin og við blasti sá veruleiki, að hann hefði farið á hafi úti og kæmi ekki til baka. Krjúpandi við hlið tengdamóður sinnar, með höfuðið grafið í kjöltu eldri konunnar, grét unga konan í örvæntingu. Útbrunnið kertið á gluggasillunni vitnaði um árangurslausa næturvöku.

Ég skynjaði sársauka ungu konunnar, ég fann sorg hennar. Áhrifamikil og lifandi áletrunin sem listamaðurinn gaf verki sínu sagði hina hörmulegu sögu. Þar stóð: *Vonlaus dögum.*

Ó, hve unga konan þráði huggun, já, raunveruleika „Sálumessu“ Roberts Louis Stevenson.

Heima er sæfarinn, heim af sjónum,

Óg heima er veiðimaðurinn, heim af beiðunum.¹

Engin staðreynd jarðlífsins er jafn örugg og endalok þess. Dauðinn kemur til allra; hann er „alheims arfleifð okkar. Hann getur krafist fórnarlamba sinna í frumbersku eða æsku; [hann getur vitjað] okkar á hátindi lífsins; eða beðið með komu sína þar til hærurnar hafa safnast á höfuðið; hann getur komið vegna slysfara eða sjúkdóma, ... eða ... af eðlilegum orsökum; en koma hlýtur hann.“² Óhjákvæmilega fylgir honum sársaukafullur missir og mikið áfall, einkum hjá hinum ungu, vegna drauma sem ekki rætast, markmiða sem ekki nást og vona sem bresta.

Hvaða jarðnesk vera, sem stendur frammi fyrir missi ástvarnar, eða stendur sjálf á þröskuldi óendanleikans, hefur ekki íhugað hvað bíði handan þeirrar hulu sem skilur hið sjáanlega frá hinu ósýnilega?

Maður að nafni Job — sem lengi hafði notið efnislegra blessana, en var nú sárþjáður af öllu því sem þjáð getur manninn — sat fyrir mörgum öldum hjá félögum sínum og bar upp þessa sígildu og síungu spurningu: „Þegar maðurinn deyr, lifnar hann þá aftur?“³ Job mælti það sem hver lifandi karl eða kona hefur hugleitt.

Þennan dýrðlega páskamorgun langar mig að fjalla um spurningu Jobs—„Þegar maðurinn deyr, lifnar hann þá aftur?“ og gefa svarið, sem fengist hefur ekki aðeins af djúpum hugleiðingum, heldur einnig frá opinberuðu orði Guðs. Ég byrja á því sem skiptir mestu.

Ef hönnun er til í þessum heimi sem við lifum í, hlýtur að vera til hönnuður. Hver getur horft á undur alheimsins án þess að trúá því að til

sé áætlun varðandi allt mannkyn?
Hver getur efast um að til sé
hönnuður?

Í 1. Mósebók lærum við um hinn mikla hönnuð sem skapaði himin og jörð: „Jörðin var þá auð og tóm, og myrkur grúfði yfir djúinu.”

„Verði ljós,” sagði hinn miklu hönnuður. „Og það varð ljós.” Hann skapaði hvelvinguna. Hann aðskildi þurrlendið frá vötnunum og sagði: „Láti jörðin af sér spretta græn grös, ... og aldintré, sem hvert beri ávöxt eftir sinni tegund með sæði í.”

Tvö ljós skapaði hann — sólina og tunglið. Þá komu störnurnar samkvæmt hönnun hans. Hann kallaði eftir lifandi skepnum í vötnin og fugla til að fljúga yfir jörðu. Og það varð svo. Hann gjörði fénað, villidýr og skriðkvikindi. Hönnunin var nærri fullkomin.

Síðast af öllu skapaði hann mann í sinni mynd — karl og konu — sem drottna áttu yfir öllu sem lifði.⁴

Maðurinn einn hlut vitsmuni — heila, huga og sál. Maðurinn einn, með þessa eiginleika, hafði getu til að trúa og vona, hljóta innblástur og setja markið hátt.

Hver getur haldið því af sannfæringu fram — að maðurinn, göfugasta verk hins mikla hönnuðar, sem drottna átti yfir öllu sem lifði, með heilabú og vilja, með huga og sál, með vitsmuni og guðleika — ætti að enda tilveru sína þegar andinn yfirgæfi sitt jarðneska musteri?

Til að skilja merkingu dauðans, verðum við að kunna að meta tilgang lífsins. Hið daufa ljós trúarinnar verður að víkja fyrir hádegisbirtu opinberunar, sem færir okkur þá

vitneskju, að við lifðum áður en við fæddumst á jörðu. Í fortílverunni vorum við án efa meðal þeirra sona og dætra Guðs sem sungu gleðisöng yfir því að fá tækifæri til að takast á við þessa erfiðu en nauðsynlegu jarðnesku tilveru.⁵ Við vissum að tilgangurinn var að fá efnislíkama, að sigrast á prófraunum og sanna að við myndum halda boðorð Guðs. Faðir okkar vissi, að vegna eðli jarðlífsins yrðum við fyrir freistingum, myndum syndga og hrasa. Til að við ættum alla möguleika á að vel gengi, sá hann okkur fyrir frelsara sem myndi þjást og deyja fyrir okkur. Hann myndi ekki aðeins friðþægja fyrir syndir okkar, heldur einnig, sem hluta af þeirri friðþægingu, sigrast á líkamsdauðanum sem við yrðum háð vegna falls Adams.

Fyrir meira en tvö þúsund árum síðan fæddist því Kristur, frelsari okkar, hér á jörðu, í fjárhúsi í Betlehem. Messías, sem fyrir löngu var sagt fyrir um, var kominn.

Afar lítið hefur verið skrifað um bernsku Jesú. Ég ann þessu versu úr Lúkasarguðspjalli: „Og Jesús þroskaðist að visku og vexti, og náð hjá Guði og mönnum.”⁶ Og í Postulasögunni er stutt setning um frelsarann sem hefur djúpa merkingu: „Hann gekk um, gjörði gott.”⁷

Hann var skírður af Jóhannesi í ánni Jórdan. Hann kallaði tólf postula. Hann blessaði hina sjúku. Hann veitti lömuðum mátt, blindum sýn, daufum heyrn. Hann reisti jafnvel hina dánú aftur til lífsins. Hann kenndi, hann vitnaði og gaf okkur fullkomið fordæmi að fylgja.

Og síðan dró að lokum hinnar

jarðnesku þjónustu frelsarans. Síðasta kvöldmáltíðin með postulunum var snædd í loftsal einum. Fram undan lá Getsemane og krossinn á Golgata.

Enginn jarðneskur fær með fullu skilið mikilvægi þess sem Kristur gerði fyrir okkar í Grasgarðinum. Hann lýsti síðar sjálfur þeirri reynslu: „[Þjáningin] ... varð þess valdandi, að ég, sjálfur Guð, æðstur allra, skalf af sársauka og blóð draup úr hverri svitaholu, og þjáðist bæði á líkama og í anda.”⁸

Eftir kvölina í Getsemane, var hann, nú þrotinn af kröftum, tekinn hörðum höndum og leiddur fyrir Annas, Kaifas, Pílatus og Heródes. Hann var ákærður og honum formælt. Hörð högginn veiktu enn frekar særðan líkama hans. Blóð rann niður vanga hans undan grimmilegri þyrnikórónu sem þrýst var á höfuð hans og stakkt inn í enni hans. Og síðan var hann aftur leiddur fyrir Pílatus, sem lét undan reiðilegum hrópum múgsins: „Krossfestu, krossfestu hann.”⁹

Hann var húðstrýktur með svipu, en beittir málmbútar og bein voru ofin inn í leðurreimar hennar. Hann reis á fætur eftir grimmileg högginn og reikandi í sporum bar hann krossinn þar til hann gat ekki haldið áfram og annar axlaði byrðina fyrir hann.

Að lokum, uppi á Hauskúpuhæð, var særður líkami hans negldur á krossinn, en hjálparvana fylgjendur hans horfðu á. Miskunnarlaust var hann hæddur, honum bölvað og hann gerður að athlægi. En þó hrópaði hann: „Faðir, fyrirgef þeim, því

að þeir vita ekki hvað þeir gjöra.”¹⁰

Kvalastundirnar liðu meðan líf hans fjaraði út. Af skrælnuðum vör- unum komu orðin: „Faðir, í þínar hendur fel ég anda minn! Og er hann hafði þetta mælt, gaf hann upp andann.”¹¹

Þegar friðsæld og huggun hins miskunnsama dauða leysti hann frá sorgum jarðlífsins, sneri hann aftur til návistar föður síns.

Á síðustu stundu hefði meistarinn getað komið til baka. En hann gerði það ekki. Hann laut neðar öllu, svo að hann gæti frelsað allt. Líflaus lík- ami hans var fljótt en blíðlega lagður í lánsgröfina.

Engin orð kristninnar hafa meiri þýðingu fyrir mig en þau sem eng- illinn mælti við grátandi Maríu Magdalenu og hina Maríu, þegar þær nálgðuðust gröfina á fyrsta degi vikunnar, til að annast líkama Drottins síns. Engill sagði:

„Hví leitið þér hins lifanda meðal dauðra?

Hann er ekki hér, hann er upp risinn.”¹²

Frelsari okkar lifði á ný. Dýrðlegasti, huggunarríkasti og mest hughreystandi atburður mannkynssögunnar hafði gerst — sigurinn yfir dauðanum. Þjáningum og kvöl Getsemane og Golgata hafði verið sópað burt. Sáluhjálpmannkyns hafði verið tryggð. Fall Adams hafði verið endurheimt.

Tóm gröfin þennan fyrsta páskamorgun veitti svarið við spurn- ingu Jobs: „Þegar maðurinn deyr, lifnar hann þá aftur?” Til allra sem heyra rödd mína boða ég, að þegar maðurinn deyr, þá mun hann lifa á

ný. Við vitum það, því að við höfum ljós opinberaðs sannleika.

„Því að þar eð dauðinn kom fyrir mann, kemur og upprisa dauðra fyrir mann.

Því að eins og allir deyja fyrir sam- band sitt við Adam, svo munu allir lífgaðir verða.”¹³

Ég hef lesið — og ég trúi — vitnisburði þeirra sem reyndu sorg krossfestingar Krists og gleði upp- risu hans. Ég hef lesið — og ég trúi — vitnisburði þeirra í Nýja heimin- um sem hinn sami upprisni Drottinn vitjaði.

Ég trúi vitnisburði þess eina, í þessari ráðstöfun, sem talaði við föðurinn og soninn í lundi sem nú kallast helgur, og gaf líf sitt til inn- siglunar þeim vitnisburði með blóði sínu. Hann sagði:

„Og nú, eftir þá mörgu vitnis- burði, sem gefnir hafa verið um hann, er þetta vitnisburðurinn, síð- astur allra, sem við gefum um hann: Að hann lifir!

Því að við sáum hann, já, Guði til hægri handar, og við heyrðum rödd- ina, sem bar vitni um, að hann er hinn eingetni föðurinn.”¹⁴

Dimmu dauðans má ætíð eyða með ljósi opinberaðs sannleika. „Ég er upprisan og lífið,” sagði meistar- inn.¹⁵ „Frið læt ég yður eftir, minn frið gef ég yður.”¹⁶

Í árána rás hef ég heyrt og lesið vitnisburði, óteljandi, sem fólk hefur deilt með mér, fólk sem ber vitni um raunveruleika upprisunnar og hefur hlotið, á þeirri stundu sem þörfin var mest, þann frið og þá huggun sem frelsarinn lofaði.

Ég segi ykkur einungis frá broti af

einni slíkri frásögn. Fyrir tveimur vikum síðan fékk ég hrifandi bréf frá föður sjö barna sem skrifaði um fjölskyldu sína, einkum son sinn Jason, sem veiktist þegar hann var ellefu ára gamall. Næstu árin tóku veikindi Jasons sig upp nokkrum sinnum. Þessi faðir sagði frá jákvæðu viðhorfi Jasons og sólskinsskapi, þrátt fyrir heilsuleysið. Jason hlaut Aronsprestðemið 12 ára gamall og „leysti alltaf fúslega og vel af hendi ábyrgð sína, hvort heldur honum leið vel eða ekki.” Hann hlaut viður- kenningu Arnarskáta þegar hann var 14 ára.

Síðasta sumar, skömmu eftir 15 ára afmælisdag sinn, var Jason enn á ný lagður inn á sjúkrahús. Í einni heimsókn sinni til Jasons kom faðir hans að honum með lokuð augun. Hann vissi ekki hvort hann var sof- andi eða vakandi, en fór að tala blíð- lega til hans. „Jason,” sagði hann, „Ég veit að þú hefur mátt þola margt á stuttri ævi þinni og að núverandi líðan þín er erfið. Jafnvel þótt mikil barátta sé fram undan, vil ég ekki að þú glatir nokkru sinni trú þinni á Jesú Krist.” Honum brá þegar Jason samstundis opnaði augun og sagði: „Aldrei!” skýrum og ákveðnum rómi. Jason lokaði síðan augunum og sagði ekkert fleira.

Faðir hann skrifaði: „Með þessari einföldu yfirlýsingu gaf Jason einn kröftugasta og tærasta vitnisburð um Jesú Krist sem ég hef nokkru sinni heyrt. . . Er þessi yfirlýsing hans, ‚Aldrei!’ greyptist inn í sál mína þennan dag, fylltist hjarta mitt gleði yfir þeirri blessun sem himn- eskur faðir hefur veitt mér, að vera

faðir svo undursamlega göfugs drengs ... [Þetta] var í síðasta sinn sem ég heyrði hann gefa vitnisburð sinn um Krist.”

Þótt fjölskylda hans hafi búist við að þetta yrði líkt og aðrar spítalalegur hans, dó Jason tæpum tveimur vikum síðar. Eldri bróðir og systir þjónuðu í trúboði á þeim tíma. Annar bróðir, Kyle, hefur nú fengið trúboðsköllun sína. Í raun hafði köllunin komið fyrir en ætlað var og þann 5. ágúst, aðeins viku áður en Jason lést, safnaðist fjölskyldan saman á sjúkrastofu hans svo að Kyle gæti opnað trúboðsköllunarbréfið þar með allri fjölskyldunni.

Í bréfi sínu til mín sendi þessi faðir mér mynd af Jason á sjúkrabeði sínu, þar sem stóri bróðir hans, Kyle, stendur við hlið hans og heldur á trúboðskölluninni. Þessi texti var skráður undir myndina. „Kallaðir til að þjóna í trúboði sínu saman — beggja vegna hulunnar.”

Bróðir Jasons og systir, sem voru við trúboðsstörf, sendu falleg og

hughreystandi bréf heim, sem lesin voru við útför Jasons. Systir hans, sem þjónar í vesturtrúboðinu í Buenos Aires í Argentínu, skrifaði meðal annars: „Ég veit að Jesús Kristur lifir, og vegna þess að hann lifir munum við öll, þar á meðal okkar kæri Jason, einnig lifa. . . . Við getum fundið huggun í þeirri öruggu vitneskju að við höfum verið innsigliuð saman sem eilíf fjölskylda. . . . Ef við gerum okkar besta til að hlýða og bæta okkur í þessu lífi, munum við sjá [hann á ný].” Hún sagði einnig: „Ritningargrein sem ég hef lengi unnað fær nýja og mikilvæga merkingu á þessum tíma. Í Opinberunarbókinni, 21. kapítula, 4. vers segir: ‚Og [Guð] mun þerra hvert tár af augum þeirra. Og dauðinn mun ekki frammar til vera, hvorki harmur né vein né kvöl er frammar til.’”

Kæru bræður og systur, á stundum hinnar dýpstu sorgar getum við fundið djúpan frið í orðum engilsins þennan fyrsta páskamorgun: „Hann er ekki hér, hann er upp risinn.”¹⁷

Hann er upp risinn! Hann er upp risinn!

*oss með söng því fagna ber.
Grafarríkið rofið befur,
rödd sú glöð um heiminn fer.
Kristur dauðans valdið vann,
veröld leysti' úr fjötrum hann.*¹⁸

Sem eitt af hans sérstöku vitnum á jörðu í dag, lýsi ég því yfir þennan dýrðlega páskamorgun, að þetta er sannleikur, í hans heilaga nafni — sjálfu nafni Jesú Krists, frelsara okkar — amen.

HEIMILDIR

1. Robert Louis Stevenson, “Requiem,” í *An Anthology of Modern Verse*, rits. af A. Methuen (1921), 208.
2. James E. Talmage, *Jesus the Christ*, 3. útg. (1916), 20.
3. Job 14:14.
4. Sjá 1 Mós 1:1-27.
5. Sjá Job 38:7.
6. Lúk 2:52.
7. Post. 10:38
8. Kenning og sáttmálar 19:18.
9. Lúk 23:21.
10. Lúk 23:34.
11. Lúk 23:46.
12. Lúkas 24:5-6.
13. 1 Kor 15:21-22.
14. Kenning og sáttmálar 76:1-6.
15. Jóh 11:25.
16. Jóh 14:27.
17. Matt 28:6.
18. „Hann er upp risinn!“ *Hymns*, nr. 199.

Kennsla fyrir okkar tíma

A fjórða sunnudegi hvers mánaðar skulu Melkisedeksprestðæmi og Líknarfélag kenna námsefnið „Kennsla fyrir okkar tíma.“ Hverja lexíu má setja saman úr einni ræðu eða fleirum frá síðustu aðalráðstefnu. Stikuforsetar og umdæmisforsetar geta valið hvaða ræður skal kenna og þeim er einnig heimilt að fela biskupum og greinarforsetum þá ábyrgð. Leiðtogar ættu að leggja áherslu á að sama náms-efnið sé kennt fyrir bræðurnar í Melkisedeksprestðæminu og systurnar í Líknarfélaginu á sömu sunnudögum.

Þau ykkar sem sitja kennslustund á fjórða sunnudegi eru hvött til að kynna ykkur síðasta tímarit aðalráðstefnu.

Ábendingar um lexíur úr ræðum

Biðjið þess að heilagur andi verði með ykkur þegar þið nemið og kennið ræður. Þið getið freistast til

þess að nota annað efni, en ráðstefnuræður er það námsefni sem nota skal. Verkefni ykkar er að hjálpa öðrum að læra fagnaðarerindið og lifa eftir því, líkt og kennt er á síðustu aðalráðstefnu kirkjunnar.


Lesið ræðurnar og gætið að reglum og kenningum sem nemendur ykkar hafa þörf fyrir. Gætið einnig að frásögnum, tilvísunum í ritningarnar og staðhæfingum í ræðunum, sem auðvelda ykkur að kenna sannleikann.

Gerið drög að því hvernig þið kennið reglurnar og kenningarnar. Í kennsludrögum ykkar ættu að vera spurningar sem gagnlegar eru nemendum:

- Gætið að reglum og kenningum í ræðunum.
- Hugsíð um merkingu þeirra.
- Miðlið hugmyndum, lífsreynslu og vitnisburði.
- Heimfærið reglurnar og kenningarnar upp á líf þeirra.

MÁNUÐIR	NÁMSEFNI FJÓRÐA SUNNUDAGS
Maí 2010 – október 2010	Ræður gefnar út í Liahóna maí 2010*
Nóvember 2010 – apríl 2011	Ræður gefnar út í Liahóna nóvember 2010*

*Ræður þessar eru aðgengilegar (á mörgum tungumálum) á conference.lds.org og einnig á íslensku á www.kirkjajesuskristis.is.



Henry B. Eyring forseti
fyrsti ráðgjafi í Æðsta forsætisráðinu

Hjálpa þeim á leið þeirra heim

Við hjálpum börnum Guðs best með því að leggja til leiðir til að byggja upp trú á Jesú Krist og endurreist fagnaðarerindi hans á meðan þau eru enn ung.

Bræður og systur, himneskur faðir þarfnast hjálpar okkar við að leiða andabörn hans að nýju heim til hans. Ég tala í dag um ungt fólk sem þegar er innan hinnar sönnu kirkju hans og því þegar komið á hinn krappa og þrönga veg til að komast til himneskra heimkynna sinna. Hann vill að þau öðlist snemma hinn andlega styrk til að halda sig á veginum. Og hann þarfnast hjálpar okkar til að koma þeim fljótt aftur á veginn taki þau að villast frá.

Ég var ungur biskup þegar mér varð greinilega ljóst hvers vegna Drottinn vill að við styrkjum börn meðan þau eru enn ung og komum þeim fljótt til bjargar. Ég ætla að segja ykkur sögu af ungri konu sem er táknræn fyrir margar sem ég hef reynt að hjálpa í árunna rás.

Hún sat beint á móti mér við biskupsborð mitt. Hún talaði um líf sitt. Hún hafði verið skírð og staðfest sem meðlimur kirkjunnar þegar hún var átta ára. Hún táraðist ekki þegar hún greindi frá þeim meira en tuttugu árum sem á eftir fylgdu, en depurðar gætti í málrómnnum. Hún sagði að leiðin niður á við hefði hafist þegar hún valdi að umgangast það sem hún hélt að væri spennandi fólk. Hún byrjaði á að brjóta boðorð sem í fyrstu virtust ekki mikilvæg.

Hún fann í fyrstu fyrir örlítilli depurð og lítilsháttar sektarkennd. En sambönd hennar við vinina gáfu henni tilfinningu um að fólki líkaði vel við hana og einbeiting öðru hvoru að því að iðrast virtist skipta æ minna máli. Eftir því sem brot hennar á boðorðunum urðu alvarlegri, virtist draumurinn um

hamingjuríkt eilífðarheimili dofna.

Hún sat frammi fyrir mér í því sem hún kallaði eynd. Hún vildi að ég bjargaði henni úr gildru syndar sem hún hafði komið sér í. En eina leiðin fyrir hana út var að hún iðkaði trú á Jesú Krist, að hafa sundurkramið hjarta, iðrast, og vera þannig hreinsuð, umbreitt og styrkt með friðþægingu Jesú Krists. Ég bar vitni fyrir henni um að þetta væri hægt. Og það var hægt, en svo miklu erfiðara en það hefði verið að iðka trú snemma í lífi hennar á leið hennar heim til Guðs og þegar hún í fyrstu byrjaði að villast af leið.

Þannig að við hjálpum börnum Guðs best með því að leggja til leiðir til að byggja upp trú á Jesú Krist og endurreist fagnaðarerindi hans á meðan þau eru enn ung. Og síðan verðum við að endurnýja þá trú fljótt áður en hún dvínar og þau villast af leið.

Svo að þið og ég megum vænta næstum því stanslausra tækifæra til að hjálpa ferðalöngum meðal barna Guðs. Frelsarinn sagði okkur hvers vegna þetta yrði svo þegar hann lýsti hættulegri ferð heim fyrir öll andabörn Guðs í gegnum þokuna sem syndin og Satan skapa:

„Gangið inn um þrönga hliðið. Því að vítt er hliðið og vegurinn breiður, sem liggur til glötunar, og þeir margir, sem þar fara inn—

En þröngt er það hlið og mjór sá vegur, er liggur til lífsins, og þeir fáir, sem finna hann.“¹

Sjáandi fyrir þarfir barna sinna, setti himneskur faðir leiðbeiningar og björgunarlið meðfram leið þeirra. Hann sendi son sinn, Jesú Krist, til

að gjöra örugga leið mögulega og sýnilega. Hann kallaði sem spámann sinn á þessum tíma, Thomas S. Monson forseta. Frá unga aldri hefur Monson forseti ekki aðeins kennt hvernig á að halda sig á veginum heldur líka hvernig þeim verður bjargað sem leiddir hafa verið út í sorg.

Himneskur faðir hefur úthlutað okkur margvíslegum störfum til að styrkja ferðalangana og leiða þá í öryggi þegar þörf krefur. Mikilvægustu og kröftugustu verkefni eru í fjölskyldunni. Þau eru mikilvæg vegna þess að fjölskyldan hefur tækifærið við upphaf lífs barnsins til að koma fótum þess tryggilega á leiðina heim. Foreldrar, bræður og systur, afar og ömmur, frænkur og frændur, gerast kröftugri leiðbeinendur og björgunarmenn vegna kærleiksbanda sem eru svo sérkennandi fyrir fjölskyldur.

Fjölskyldan hefur frumkvæðið á fyrstu átta árum barnsins. Á þessum verndunarárum eru not Satans af myrkurþoku til að fela leiðina heim útilokuð vegna friðþægingar Jesú Kristis. Á þessum dýrmætu árum hjálpar Drottinn fjölskyldum með því að kalla starfsfólk Barnafélagsins til að hjálpa til við að styrkja börnin andlega. Hann leggur einnig til Aronsprest-dæmishafa til að bjóða fram sakramentið. Í þeim sakramentisbænum heyrta börnin að þau geti dag einn fengið heilagan anda sem leiðbeinanda, ef þau eru hlýðin boðorðum Guðs. Sem afleiðing þá byggjast þau upp til að standast freistingar og síðan, einhvern tíma

í framtíðinni, að fara til bjargar öðrum.

Margir biskupar í kirkjunni eru innblásnir til að kalla öflugasta fólkið í deildinni til að þjóna einstökum börnum í Barnafélaginu. Þeim er ljóst að ef börnin eru styrkt, með trú og vitnisburði, mun það ólíklegra að þau þarfnist björgunar á táningsaldri. Þeim er ljóst að sterkur andlegur grundvöllur getur gert gæfumuninn alla ævina.

Við getum öll hjálpað til. Ömmur, afar, og hver sá meðlimur sem þekkir barnið getur hjálpað til. Til þess þarf ekki formlega köllun í Barnafélaginu. Ekki takmarkast það heldur af aldri. Ein slík kona, þá yngri að árum, var í aðalnefnd Barnafélagsins og hjálpaði þar til við að semja VR kjörorðið.

Hún þreyttist aldrei á að þjóna börnunum. Hún kenndi í Barnafélagi deildar sinnar að eigin beiðni þar til hún varð næstum 90 ára gömul. Börnin litlu fundu fyrir ást hennar til þeirra. Þau sáu fordæmi hennar. Þau lærðu hjá henni einfaldar reglur fagnaðarerindis Jesú Kristis. Og öllu öðru framar, lærðu þau vegna fordæmis hennar að finna og þekkja heilagan anda. Og þegar þau gerðu það, voru þau komin vel á veg til þeirrar trúar að standast freistingar. Þau voru þeim mun ólíklegri til að þarfnast björgunar og myndu vera undir það búin að fara að bjarga öðrum.

Ég kynntist krafti einfaldrar trúar í bæn og í heilögum anda þegar börnin okkar voru mjög lítil. Elsti sonur okkar var enn ekki skírður. Foreldrar

hans, Barnafélagskennarar og prest-dæmisþjónar höfðu reynt að hjálpa honum að finna og þekkja andann og vita hvernig á að taka á móti hjálp hans.

Kvöld nokkurt hafði kona mín farið með hann heim til konu sem var að kenna honum að lesa. Fyrirætlan okkar var að ég ætti að taka hann með er ég kæmi heim úr vinnu.

Lexíu hans lauk fyrr en við höfðum búist við. Hann taldi sig þekkja leiðina heim. Svo að hann lagði af stað gangandi. Hann sagði eftir á að hann hefði verið alveg öruggur með sig og hlakkað til að vera einn á ferð. Þegar hann hafði farið um 800 metra tók að dimma. Hann fór að gera sér ljóst að hann væri ennþá fjarri heimili sínu.

Enn man hann eftir að ljós bílanna sem fram hjá honum brunuðu voru óskýr vegna táranna. Honum leið eins og smábarni, ekki sem hinum örugga dreng sem lagt hafði af stað aleinn á ferð heimleiðis. Hann gerði sér ljóst að hann þarfnaðist hjálpar. Þá brá einhverju fyrir í minni hans. Hann vissi að hann ætti að biðjast fyrir. Svo að hann fót út af veginum og í áttina að trjám nokkrum sem hann gat varla greint í dimmunni. Hann fann stað til að krjúpa á.

Í gegnum runnana heyrði hann raddir sem kom í áttina til hans. Tvær ungar manneskjur höfðu heyrt hann gráta. Þegar þau komu til hans, spurðu þau: „Getum við hjálpað þér?“ Í gegnum tárin sagði hann þeim að hann væri týndur og að

hann langaði að komast heim. Þau spurðu hvort hann þekkti símanúmerið heima eða heimilisfangið. Hann vissi það ekki. Þau spurðu um nafn hans. Hann vissi það. Þau fóru með hann á stað nærri þar sem þau bjuggu. Þau fundu ættarnafn okkar í símaskrá.

Þegar ég fékk símtalið flýtti ég mér til bjargar, þakklátur fyrir að vingaþinglegt fólk hafði verið sett á leið hans heim. Og ég hef verið mjög þakklátur fyrir að honum var kennt að biðja í trú um að hjálp mundi berast þegar hann villtist. Sú trú hefur leitt hann í öryggi og bjargað honum oft en hann fær tölu á komið.

Drottinn hefur komið upp neti björgunar og björgunarfólks í ríki sínu. Í vísu sinni hefur Drottinn innblásið þjónum sínum að hagnýta sér öflugar aðferðir til að styrkja okkur, og hafa úrvals björgunarfólk til reiðu þegar við förum í gegnum táningsaldurinn.

Þið þekkið tvær öflugar verkefnaáætlanir sem Drottinn leggur til. Önnur, ætlað stúlkum, er kölluð „Eigin framþróun.“ Hin, fyrir Aronsprestðæmishafa, er kölluð „Skyldurækni við Guð.“ Við hvetjum ungt fólk upprennandi kynslóðar til að átta sig á möguleikum sínum til að byggja upp mikinn andlegan styrk. Og við skorum á þá sem láta sér annat um þetta unga fólk að uppfylla það sem Drottinn þarfnast af okkur til að hjálpa þeim. Og þar sem framtíð kirkjunnar veltur á þeim, skiptir þetta okkur öll máli.

Verkefnaáætlanirnar tvær hafa verið endurbættar en tilgangur þeirra

helst óbreyttur. Monson forseti setti það svona fram: Við verðum að „læra það sem við eigum að læra, gera það sem við eigum að gera og vera það sem við eigum að vera.“²

Eigin framþróunar bæklingurinn fyrir stúlkur sýnir þeim tilganginn greinilega: „Verkefnaáætlunin Eigin framþróun er byggð á hinum átta gildum Stúlknafélagsins og markmið hennar er að auka skilning þinn á sjálfri þér, á því hvers vegna þú ert hér á jörðu og hvað þér ber að gera sem dóttir Guðs til að búa þig undir að fara í musterið og gera þar helga sáttmála.“

Í áframhaldinu segir að stúlkunni „skuldbinda [sig] til ákveðinna verkefna, leysa þau og [gera] foreldrum [sínunum] eða leiðtoga grein fyrir framvindu þeirra.“ Þar er einnig lofað að „Ferlarnir sem þú kemur þér upp þegar þú vinnur í Eigin framþróun — svo sem bæn, ritningarnám, þjónusta og dagbókarskrif — verða dagleg venja. Þær venjur munu styrkja vitnisburð þinn og hjálpa þér að læra og bæta þig í öllu lífi þínu.“³

Skyldurækni við Guð, verkáætlunin fyrir pilti í Aronsprestðæminu, hefur verið styrkt og gerð markvissari. Hún verður sett fram í einni lítilli bók fyrir öll þrjú embætti Aronsprestðæmisins. Piltarnir og leiðtogar þeirra munu fá eintök af þessari nýju bók. Þetta er máttugt verkfæri. Það mun styrkja vitnisburð piltanna og samband þeirra við Guð. Það mun hjálpa þeim að læra og langa til að uppfylla prestðæmis-skyldur sínar. Það mun styrkja

samband þeirra við foreldra sína, við sveitarmeðlimi og við leiðtoga þeirra.

Báðar þessar verkáætlanir leggja mikla áherslu á framkvæmd unga fólksins sjálfs. Þeim er boðið að læra og gera hluti sem væru mikil áskorun fyrir hvern sem er. Þegar ég skoða æsku mína minnst ég þess ekki að hafa fengið slíka áskorun. Jú, í fáeinum tilvikum var mér boðið að standast slíkar prófraunir, en aðeins endrum og eins. Þessar verkáætlanir vænta samræmingar, mikils framlags og samansöfnunar þekkingar og andlegrar reynslu árum saman.

Er ég hugleiddi þetta, varð mér ljóst að innihald þessara bæklinga er áþreifanleg framsetning á trausti Drottins á uppvaxandi kynslóð og til okkar allra sem elskum þau. Og ég hef séð þess merki að það traust er verðskuldað.

Í heimsóknum hef ég fylgst með Aronsprestðæmissveitum að verki. Ég hef séð pilti fylgja lærdómsleiðum, gera áætlanir um að gera það sem Guð ætlast til af þeim, fara síðan út til að gera það sem þeir hafa skuldbundið sig til að gera, og deila síðan með öðrum því hvernig þeir breyttust andlega. Og þegar ég horfði á og hlustaði, varð ljóst að feður, mæður, leiðtogar, vinir og jafnvel nágrennar í söfnuðinum, fundu snertingu andans þegar þeir heyrðu vitnisburði unglínganna um það hvernig þau höfðu styrkst. Unglíngum var lyft upp er þau báru vitnisburð og svo var einnig um þá sem voru að reyna að hjálpa þeim áfram.

Verkætlan stúlkanna hefur einnig þennan máttuga feril til að þróa andlegan styrk stúlkanna og setja fram tækifæri fyrir okkur að hjálpa til. Eigin framþróun hjálpar ungu stúlkunum að búast undir að meðtaka helgiathafnir musterisins. Þær fá hjálp í gegnum fordæmi mæðra, amma og allra réttláttra kvenna umhverfis í kirkjunni. Ég hef séð hvernig foreldrar hjálpuðu dóttur að ná markmiðum sínum og draumum með því að taka eftir og meta allt það góða sem hún gerði.

Fyrir aðeins fáeinum dögum horfði ég á móður standa við hlið ungrar dóttur sinnar þegar þær hlutu viðurkenningu fyrir að hafa í sameiningu orðið fordæmi framúrskarandi kvendóms. Og þegar þær deildu með mér hvaða merkingu þetta hafði fyrir þær, fann ég viðurkenningu Drottins og hvatningu til okkar allra.

Af allri þeirri hjálp sem við getum veitt þessu unga fólki, er sú þeirra mest að láta þau finna traust okkar til þeirra um að þau séu á veginum heim til Guðs og að þau muni komast þangað. Og það gerum við best með því að fara með þeim. Þar sem leiðin er brött og stundum klettótt, munu þau stundum verða vondauf og jafnvel hrasa. Þau munu stundum verða ringluð hvað ákvörðunarstaðinn varðar og villast af leið í átt að

markmiðum sem hafa minna eilífðargildi. Þessar innblásnu verkefnaáætlanir gera það ólíklegra, vegna þess að þær hvetja hinn unga til að laða að heilagan anda og njóta samfélags hans.

Besta ráðgjöf okkar til ungs fólks er að þau geti einungis komist aftur til himnesks föður þegar þau eru leidd og leiðrétt af anda Guðs. Svo að ef við erum vitur, munum við hvetja til alls þess, og lofa og dæmigerá allt það sem stuðlar að samfélagi heilags anda. Þegar þau deila með okkur því sem þau gera og skynja, verðum við sjálf að verðskulda andann. Þá munu þau finna í hrósi og brosi okkar viðurkenningu Guðs. Og ef við finnum þörf á að veita leiðréttandi ráðgjöf, munu þau finna ást okkar og ást Guðs í henni, ekki ásakanir og höfnun sem leyft getur Satan að leiða þau lengra í burtu.

Fordæmið sem þau þarfnast mest frá okkur er að gera það sem þau verða að gera. Við þurfum að biðjast fyrir um gjafir andans. Við þurfum að ígrunda ritningarnar og orð lifandi spámanna. Við þurfum að gera áætlanir sem eru ekki aðeins óskir heldur sáttmálar. Og síðan þurfum við að halda loforð okkar við Guð. Og við þurfum að lyfta öðrum með því að deila með þeim blessunum friðþægingarinnar

sem komið hafa inn í líf okkar.

Og við þurfum að vera með lífi okkar fordæmi að þeirri stöðugu og áframhaldandi trúfestu sem Drottinn væntir af þeim. Þegar við gerum það, munum við hjálpa þeim að finna fullvissu frá andanum, um að ef þau eru staðföst munu þau heyra þessi orð frá ástríkkum frelsara og himneskum föður: „Gott, þú góði og trúi þjónn. Yfir litlu varstu trúur, yfir mikið mun ég setja þig. Gakk inn í fögnuð herra þíns.“⁴ Og við sem hjálpum þeim á leiðinni munum í gleði heyra þessi orð.

Ég vitna um að Drottinn elskar ykkur og sérhvert barn Guðs. Þetta er ríki hans endurreist með prestdæmislyklum fyrir tilstilli spámansins Josephs Smith. Thomas S. Monson forseti er spámaður Drottins í dag. Ég lofa hverju og einu ykkar, að þegar þið fylgið innblásnum leiðbeiningum þessarar sönnu kirkju Jesú Kristis, að ungmenni okkar, og við sem hjálpum þeim og elskum þau, geti af öryggi komist heim til himnesks föður og frelsarans, til að lifa sem fjölskyldur í eilífum fögnuði. Í nafni Jesú Kristis, amen.

HEIMILDIR

1. 3 Ne 14:13-14.
2. Thomas S. Monson, „Að læra, að gera, að vera,“ Aðalráðstefna, október 2008, 69.
3. *Eigin framþróun stúlkna* (bæklingur, 2009), 6.
4. Matt 25:21.